

Stjórnsýsluhindranir á sameiginlegum norrænum vinnumarkaði

Stjórnsýsluhindranir á norrænum vinnumarkaði aftra hagvexti og draga úr velferð fyrir alla.

Þann 20. apríl fara fram mikilvægar umræður á Alþingi um stjórnsýsluhindranir á Norðurlöndum. Sumar stjórnsýsluhindranir verða launafólki á Norðurlöndum auðveldlega fjötur um fót. Aðrar koma jafnvel ekki í ljós fyrr en einstaklingur hættir að vinna vegna aldurs eða missir vinnuna. Allar stjórnsýsluhindranir eiga þó sameiginlegt að þær má leysa. Sem þingmenn berið þið ábyrgð á að taka þátt í að leysa þær.

Norræna ráðherranefndin og nefnd um afnám stjórnsýsluhindrana hafa greint og vakið athygli á fjölda stjórnsýsluhindrana. En lausnirnar láta á sér standa. Formaður nefndar um afnám stjórnsýsluhindrana Ole Norrback hefur ítrekað sagt: við höfum ekki undan að ryðja stjórnsýsluhindrunum úr vegi.

Öll erum við sammála um þjóðhagslegan ávinning afnáms stjórnsýsluhindrana fyrir öll norrænu löndin og það myndi efla Norðurlönd sem svæði til framtíðar. Á hverjum degi sækja tugþúsundir einstaklinga vinnu yfir landamæri norrænu landanna. Margir flytjast búferlum milli landa vegna starfa, náms eða ástarinnar. Augljóst er að fólk er tilbúið til að flytjast búferlum milli norrænu landanna og nýta sameiginlegan vinnumarkað. Eiga stjórnsýsluhindranir að aftra því?

Frjáls för vinnuafis yfir landamæri eflir samstarf milli landanna. Norðurlöndin eru þekkt fyrir skilvirkan vinnumarkað. Mikilvægt er að standa vörð um hann og sporna gegn félagslegum undirboðum og gráu hagkerfi. Til að fá yfirsýn yfir hreyfanleika vinnuafis á milli og til Norðurlanda er einnig nauðsynlegt að þróa staðtölur.

Stjórnsýsluhindrunum fylgir óöryggi, þær draga úr tækifærum fólks og þær geta verið kostnaðarsamar. Nú er kominn tími til að takast á við stjórnsýsluhindranir. Hér er okkar tillaga að því hvar ber að hefjast handa.

Að okkar mati á lausnamiðað starf að hefjast á eftirfarandi sviðum.

1. Atvinnuleysistryggingar

Vegna ósveigjanlegra reglna um atvinnuleysistryggingar getur fólk sem flyst búferlum milli norrænu landanna eða sækir vinnu yfir landamæri „dottið út úr“ atvinnuleysistryggingakerfinu eða átt á hættu að bætur lækki verulega. Vandamálin koma upp vegna þess að reglur landanna rekast á. Því er nauðsynlegt að samræma atvinnuleysistryggingakerfi landanna frekar.

2. Endurhæfing

Ef einstaklingur sem starfar í öðru norrænu landi en búsetulandinu verður fyrir vinnuskaða eða langvinnum sjúkdómi, getur hann þurft að sækja endurhæfingu í starfslandinu að lokinni lækni meðferð. Því lengur sem einstaklingurinn er frá vinnu því erfiðara er að snúa aftur á vinnumarkaðinn. Því er

mikilvægt að hefja endurhæfingu eins fljótt og kostur er. Ef skert líkamleg atorka fylgir í kjölfar skaða eða sjúkdóms, getur margra klukkutíma ferðalag í bíl eða flugvél fram og tilbaka til þess staðar sem endurhæfingin fer fram verið mikið álag. Ef ryðja á þessari stjórnsluhindrun úr vegi er nauðsynlegt að breyta reglunum svo endurhæfingin geti í ákveðnum tilfellum farið fram nær heimilinu.

3. Starfsþjálfun á vinnumarkaði

Þeir sem lengi hafa verið frá vinnu vegna atvinnuleysis, sjúkdóma eða slyss, eiga kost á starfsþjálfun til að auðvelda leiðina inn á vinnumarkaðinn. Einstaklingur sem býr nálægt landamærum getur þó ekki nýtt vinnumarkað nágrannalandsins til að finna hentugan vinnustað til starfsþjálfunar. Þetta er vegna þess hvernig eftirliti með vinnustað og tryggingum þess sem fer í starfsþjálfun er háttað, en hvorutveggja er forsenda starfsþjálfunar á vinnumarkaði. Þetta má leysa á þann hátt að norrænu ríkin setji á fót tryggingu sem einnig gildi fyrir þá sem eru í starfsþjálfun hinum megin landamæra, og að samstaða náist um hvernig eftirliti skuli háttað, t.d. með samstarfi stjórnvalda milli landanna.

Afnemum stjórnsluhindranir!

Ávinningur þess að afnema stjórnsluhindranir er mikill, og á það ekki síst við um stjórnsluhindranir á vinnumarkaði. Ef okkur er alvara með sameiginlegan vinnumarkað á Norðurlöndum, á ekki að skipta máli hvort launafólk ferðast til vinnu frá Strömstad til Gautaborgar eða frá Strömstad til Osló. Eða milli Málmeyjar og Kaupmannahafnar, eða Reykjavíkur og Stokkhólms.

Norræna verkalýðssambandið (NFS) og Samband Norrænu félaganna (FNF) hvetja ykkur til að taka þátt í umræðu um stjórnsluhindranir í norrænu þjóðþingunum, svo ryðja megi úr vegi stjórnsluhindrunum þeim sem við höfum nefnt hér á undan og stuðla þannig að samruna á svæðinu og efla samkeppnishæfni Norðurlanda á alþjóðlegum vettvangi. Pólítískur vilji er góður, en pólítískar ákvarðanir eru betri!

Við leggjum til að sett verði sameiginlegt norrænt markmið um að á árinu 2014 hafi öllum stjórnsluhindrunum á vinnumarkaði verið rutt úr vegi. Þannig má fagna samningnum um sameiginlegan vinnumarkað frá árinu 1954. Þá verður raunveruleg ástæða til að fagna sextugsafmælinu árið 2014.

Með kveðju

Lóa Brynjúlfsdóttir
Framkvæmdastjóri

Norræna verkalýðssambandið, NFS

Kristín Ólafsdóttir
Framkvæmdastjóri

Samband Norrænu félaganna, FNF

Gylfi Arnbjörnsson
Formaður
ASÍ

Elín Björg Jónsdóttir
Formaður
BSRB

Ragnheiður H. Þórarinsdóttir
Formaður
Norræna félagið

Norræna verkalýðssambandið, NFS, er samstarfsvettvangur landssamtaka launafólks á Norðurlöndum. Sextán landssamtök verkalýðsfélaga, opinberra starfsmanna og háskólamanna í norrænu löndunum eiga aðild að NFS. Yfir átta milljónir einstaklinga, alls staðar að á Norðurlöndum, eiga því aðild að NFS.

Samband Norrænu félaganna, FNF, er samstarfsvettvangur Norrænu félaganna og Ungliðahreyfingar Norrænu félaganna (FNU) í löndunum. Meginverkefni sambandsins er að samræma hagsmuni norrænu félaganna í löndunum og styrkja norrænt samstarf almennings á öllum stigum og efla nánara samstarf norrænu landanna.